

USK Skipulag

Frá: Svavar Páll Pálsson <svavar@mannvit.is>
Sent: föstudagur, 13. nóvember 2020 09:43
Til: USK Skipulag
Efni: Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa: Svavar Páll Pálsson (P-2020-08-19-0022)

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Góðan dag

Umsókn okkar um niðurtekt af kantsteini fyrir framan Bláskóga 5 vegna breytinga á bílastæði var hafnað með eftirfarandi rökum í umsögn:

„Deiliskipulagið gerir aðeins ráð fyrir tveimur bílum við hvert hús og breidd innkeyrsluhallans miðast við það. Ekki er gert ráð fyrir fleiri bílum en tveimur. Slík heimild yrði fordæmisgefandi fyrir svæðið almennt“.

Við umsækjendur viljum benda á að ljóst er að við síðustu endurlagningu á gangstéttum í götunni hefur verið horfið frá deiliskipulagi þar sem t.d. hús nr. 6, 8 og 10 gengt götunnar hafa nú þegar innkeyrslubreidd sem er breiðari en sú sem við óskum eftir í fyrirspurn þessari.

Því teljum við fordæmi fyrir breytingu til staðar og óskum eftir endurskoðun á úrskurði.

Kveðja / Regards,

Svavar Páll Pálsson

Tæknifræðingur

Civil engineer

Sími / Tel.: +354 422 3078




MANNVIT

www.mannvit.is / www.mannvit.com



Bláskógar 5

málskot – Bílastæði/ Innkeyrsla á lóð



Bláskógar 5 málskot


- AR: Lóð nr. 5 við Bláskóga er á íbúðasvæði (Í43) Sel og skógar
- Í gildi er deiliskipulag „Seljahverfi“

Í skilmálum gildandi deiliskipulags segir m.a:


Mæliblöð: Mæliblöð sýna þann reit, sem byggja má á, byggingarlínur, auk kvaða um fjölda og staðsetningu bílastæða og innganga.

Gestabílastæði: Gerð verða gestabílastæði, jafnmörgum lóðum í hverfinu. Í hverri samstæðu eru 3-4 bílastæði og teljast þau hluti þeirra lóða, sem þau liggja á (sbr. mæliblöð), nema í snúningshausum gatna, þar sem þau eru hluti götunnar. Afnotaréttur lóða er jafn að öllum stæðum hvernar samstæðu óháð því á hvaða lóðum þau eru, en á mæliblöðum kemur fram hvaða lóðir eiga þennan rétt.

Hluti deiliskipulasuppd.



Mæliblað



Bláskógar 5

málskot – Bílastæði og innkeyrsla á lóð

FYRIRSPURN

- Lögð fram fyrirspurn Svavars Páls Pálssonar dags. 19. ágúst 2020 um að gera innkeyrslu á lóð nr. 5 við Bláskóga, samkvæmt skissu á ljósmynd. Bílastæði hefur verið stækkað til að rýmka fyrir umferð fatlaðra, þar sem einn eigenda er bundin hjólastól. Óskað er eftir því að kantsteini/gangstétt verði breytt í sama form og bílastæði beggja vegna.
- Fyrirspurn um að setja bílastæði og innkeyrslu á lóð svarað **neikvætt, samræmist ekki gildandi deiliskipulagi.**
- Fyrirspyrjenda var heimilt að stækka bílastæði til að rýmka fyrir umferð fatlaðra (án þess að bæta við bílastæði).
- Breidd innkeyrslu hallans gerir ráð fyrir tveimur bílum og breidd innkeyrsluhallans miðast við það.
- Ekki er gert ráð fyrir fleiri bílum en tveimur. Slík heimild yrði fordæmisgefandi fyrir svæðið almennt.

Núverandi aðstæður



Tillaga að breytingu



Bláskógar 5

málskot

Málskot

- Umsækjendur benda á að ljóst er við síðustu endurlagningu á gangstéttum í götunni hefur verið horfið frá deiliskipulagi þar sem t.d. hús 6,8 og 10 gengt götunnar hafa nú þegar innkeyrslu breidd sem er breiðari en sú sem óskað er eftir í fyrirspurn þessari.
- Því telja þau fordæmi fyrir breytingu til staðar og óska eftir endurskoðun á úrskurði.

Embætti skipulagsfulltrúa hefur borist 1 sambærileg fyrirspurn um að fjölga bílastæðum í Bláskógum sem svarað var neikvætt. Því eru engin fordæmi fyrir að fjölga bílastæðum í Bláskógum. Ekki hefur verið gefin heimild til að hverfa frá deiliskipulagi hvað varðar staðsetningu og fjölda bílastæða.